

Reglur um eigin viðskipti starfsmanna o.fl.

1. Tilgangur

- 1.1. Tilgangur reglna þessara er að draga úr líkum á hagsmunaárekstrum í starfsemi GAMMAMA Capital Management hf. (hér eftir nefnt GAMMA) og jafnframt að og tryggja óháða stöðu þeirra aðila sem reglurnar taka til. Fyrirkomulagið sem kveðið er á um í reglum þessum miðar að því að koma í veg fyrir óviðeigandi háttsemi starfsmanna sem koma að starfsemi sem getur valdið hagsmunaárekstrum, hafa aðgang að innherjaupplýsingum í skilningi laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tengjast viðskiptavinum.
- 1.2. Reglurnar eru settar á grundvelli laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti og með tilvísan til 10. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.
- 1.3. Í reglunum er jafnframt tekið mið af 15. gr. laga um verðbréfasjóði sem og reglugerðar nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða (þ.m.t. um hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags) sem sett er með stoð í 64. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 4. mgr. 19. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Reglurnar eru til leiðbeiningar en ekki tæmandi talning á því efni sem þær taka á. Þeim til fyllingar eru lög og reglur sem settar hafa verið um starfsemi fjármálamarkaðarins.
- 1.4. Starfsmenn skulu hafa samband við regluvörð ef þeir eru í einhverjum vafa um efni eða framkvæmd reglnanna.

2. Gildissvið

- 2.1. Reglurnar taka til eftirfarandi aðila:
 - 2.1.1. Allra starfsmanna GAMMA.
 - 2.1.2. Maka, maka í staðfestri samvist eða sambúðarmaka (hér eftir „maki“) og barna, kjörbarna eða stjúpbarna á framfæri starfsmanns.
 - 2.1.3. Annarra skyldmenna sem hafa búið á heimili hans í a.m.k. eitt ár miðað við þann dag sem viðskipti fara fram.
 - 2.1.4. Eignarhaldsfélaga ofangreindra aðila sem og félaga þar sem umræddir aðilar geta með beinum eða óbeinum hætti, t.d. vegna stjórnarsetu eða eignaraðildar um 20% af atkvæðisrétti, tekið þátt í ákvörðunum um viðskipti sem falla undir reglur þessar.
 - 2.1.5. Aðila sem eru tengdir starfsmanni nánnum böndum sem jafna má við ofangreint eða aðila sem tengjast starfsmanni með þeim hætti að hann hefur beina eða óbeina persónulega hagsmuni af viðskiptum sem falla undir reglur þessar, að undanskilinni þóknun fyrir framkvæmd viðskiptanna.
- 2.2. Hugtakið starfsmenn í reglum þessum tekur til allra framangreindra aðila nema annað sé sérstaklega tekið fram.

GAMMA

- 2.3. Reglur þessar gilda um eigin viðskipti starfsmanna, en það eru viðskipti með fjármálagerninga eins og þeir eru skilgreindir í 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti, þ.m.t. viðskipti með hlutabréf, skuldabréf, víxla, hlutdeildarskírteini, og afleiðusamninga (s.s. valréttarsamninga, framvirka samninga og skiptasamninga). Reglurnar einnig um viðskipti með hlut í öðrum félögum en hlutafélögum, t.d. einkahlutafélögum, samlagsfélögum og sameignarfélögum.
- 2.4. Reglurnar gilda ekki um stjórnarmenn GAMMA. Sérstakar reglur gilda um viðskiptaerindi stjórnarmanna. Stjórn GAMMA er heimilt að veita tilteknum deildum, starfssviðum, dótturfélögum eða hópum starfsmanna undanþágu frá reglum þessum. Undanþágur geta aldrei tekið til starfsmanna eða deilda sem hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum eða koma með einhverjum hætti að undirbúningi útboða, miðlun, ráðgjöf eða annarri sambærilegri starfsemi. Regluvörður skal halda utan um framangreindar undanþágur, uppfæra, breyta og fella niður. Reglurnar gilda um viðskipti með fjármálagerninga eins og þeir eru skilgreindir í lögum um verðbréfavíðskipti, þ.m.t. viðskipti með hlutabréf, skuldabréf, víxla, hlutdeildarskírteini og afleiðusamninga (s.s. valréttarsamninga, framvirka samninga og skiptasamninga).
- 2.5. Reglurnar gilda ekki um fjármálagerninga sem starfsmenn eru með í eignastýringu hjá fjármálafyrirtæki sem hlotið hefur starfsleyfi hjá þarlendu fjármálaeftirliti, viðkomandi fjármálafyrirtæki hefur fullt umboð til viðskipta með fjármálagerningana og starfsmenn hafa engin afskipti af fjárfestingum og fá ekki upplýsingar um einstök viðskipti fyrr en að þeim loknum. Afrit af slíkum samningum um eignastýringu skal sent og samþykkt af regluverði. Starfsmenn skulu jafnframt veita regluverði umboð til þess að afla upplýsinga um slík viðskipti að eigin frumkvæði ef þörf er á að mati regluvarðar.
- 2.6. Reglurnar gilda ekki um reglulegan sparnað svo sem áskrift að verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum, enda sé regluverði tilkynnt þegar starfsmaður gerir samning um áskrift eða þegar samningi er sagt upp. Starfsmenn skulu jafnframt veita regluverði umboð til þess að afla upplýsinga um slík viðskipti að eigin frumkvæði ef þörf er á að mati regluvarðar.
- 2.7. Regluverði er ávallt heimilt að veita starfsmönnum undanþágur frá einstökum greinum regnanna, s.s. í eftirfarandi tilvikum:
 - 2.7.1. Samþykki á yfirtökutilboði samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Starfsmenn skulu þó ávallt tilkynna regluverði um breytingu á eignarhlut.
 - 2.7.2. Samþykki á hækkun hlutafjár eða stofnfjár. Starfsmenn skulu þó ávallt upplýsa regluverð um breytingu á eignarhlut.
 - 2.7.3. Viðskipti með verðbréf þar sem um þvingaða sölu er að ræða.
 - 2.7.4. Viðskipti sem eru hluti af sjálfvirkri arð- eða endurgreiðslu.

3. Takmarkanir á viðskiptum með fjármálagerninga

- 3.1. Starfsmenn GAMMA skulu sýna aðgætni í viðskiptum með fjármálagerninga þannig að þau viðskipti stangist á engan hátt á við hagsmuni viðskiptamanna GAMMA eða sjóða eða sjóðsdeilda GAMMA á þeim tíma sem þau eru gerð.
- 3.2. Mikilvægt er að starfsmenn tileinki sér þá hugsun að hagsmunir þeirra eigi ávallt að víkja fyrir hagsmunum viðskiptamanna, sjóða og sjóðsdeilda GAMMA enda ber að túlka reglurnar þannig.
- 3.3. Starfsmanni er óheimilt að stofna til viðskipta nema þau samrýmist lögum um verðbréfavíðskipti, feli ekki í sér misnotkun annarra trúnaðarupplýsinga sem starfsmaður býr yfir eða stangast að öðru leyti á við skyldur GAMMA samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.
- 3.4. Starfsmanni er óheimilt að veita öðrum aðila álit, ráðgjöf, eða upplýsingar ef starfsmaður veit eða má vita að móttakandinn muni á grundvelli þess stofna til viðskipta, eða veita ráðgjöf eða aðstoð

GAMMA

við viðskipti, sem ekki eru heimil samkvæmt lögum um verðbréfiðskipti, fela í sér misnotkun á trúnaðarupplýsingum sem tengjast viðskiptamönnum GAMMA eða sjóðum í rekstri hjá GAMMA, eða brot á starfskyldum mótttakandans.

- 3.5. Ákveði sjóður eða sjóðsdeild GAMMA að kaupa eða selja fjármálagerninga yfir ákveðið tímabil geta þeir starfsmenn, sem um það hafa upplýsingar, ekki átt viðskipti fyrir sína hönd með viðkomandi fjármálagerninga fyrr en eftir að umbeðin viðskipti hafa átt sér stað.
- 3.6. Verðbréfiðskipti starfsmanna skulu á engan hátt hafa forgang umfram önnur viðskipti heldur fara í röð á eftir beiðnum sem á undan hafa borist, þó svo að leyfi regluvarðar til viðskipta liggja fyrir.
- 3.7. Þrátt fyrir að heimild regluvarðar fyrir viðskiptum með fjármálagerninga kunni að liggja fyrir er ábyrgð á viðskiptum starfsmanna eftir sem áður hjá viðkomandi starfsmanni. Auk þess ber starfsmönnum að tryggja að þeirra eigin viðskipti séu óháð öðrum viðskiptum GAMMA og að tímasetning eða umfang viðskipta starfsmanna hafi ekki neikvæð áhrif á viðskipti annarra viðskiptamanna.

4. Óheimil viðskipti

- 4.1. Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga í þeim fyrirtækjum þar sem þeir búa yfir innherjaupplýsingum nema samkvæmt lögum um verðbréfiðskipti.
- 4.2. Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti ef viðskiptin myndu leiða til hagsmunaárekstra á milli starfsmanns annars vegar og viðskiptamanns GAMMA eða sjóða eða sjóðsdeilda félagsins.
- 4.3. Starfsmönnum er óheimilt að kaupa fjármálagerninga af sjóðum eða sjóðsdeildum GAMMA. Starfsmönnum er jafnframt óheimilt að selja sjóðum eða sjóðsdeildum GAMMA fjármálagerninga. Starfsmönnum er þó heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum sjóða eða sjóðsdeilda GAMMA, sbr. nánar grein 2.7.
- 4.4. Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti ef sjóðir eða sjóðsdeildir GAMMA hafa átt viðskipti með sama fjármálagerninga á næstliðnum tveimur viðskiptadögum eða hyggjast eiga viðskipti með sama fjármálagerning á þeim tíma er starfsmaður sendir beiðni um viðskipti.
- 4.5. Regluvörður getur veitt undanþágu frá ákvæði gr. 4.4. þegar um er að ræða beiðni um heimild til nýtingar áskriftarréttinda um hluti í móðurfélagi samkvæmt samningi, þar sem að lágmarki verða að líða tólf mánuðir frá gerð samnings þar til hann er nýttur.

5. Upplýsingar um verðbréfaeign starfsmanns

- 5.1. Starfsmenn skulu, óski regluvörður eftir því, afhenda regluverði afrit yfirlits yfir verðbréfaeign úr síðasta skattframtali sínu. Þegar starfsmaður hefur störf hjá GAMMA skal hann greina regluverði frá öllum fjármálagerningum í sinni eigu.
- 5.2. Starfsmenn skulu kynna sér efni reglna þessara við upphaf starfs og reglulega yfir starfstímann svo þeir séu meðvitaðir um þær breytingar sem á þeim kunna að verða. Efnislegar breytingar á reglum þessum skulu almennt tilkynntar starfsmönnum með tölvupósti þegar þær hafa verið samþykktar.
- 5.3. Starfsmenn skulu ennfremur kynna sér efni laga um verðbréfiðskipti, nr. 108/2007, auk annarra laga og reglna á fjármálamarkaði.

6. Tilkynningar um innherjaupplýsingar til regluvarðar

GAMMA

- 6.1. Þeir starfsmenn er búa yfir innherjaupplýsingum um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð ef opinber væru, og falla undir gildissvið XIII. kafla laga um verðbréfaviðskipti, ber að tilkynna það til regluvarðar ásamt upplýsingum um hvaða starfsmönnum er kunnugt um framangreindar upplýsingar.

7. Fyrirfram samþykki regluvarðar

- 7.1. Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga án fyrirfram skriflegrar heimildar regluvarðar.
- 7.2. Í skriflegri beiðni um heimild til viðskipta skal koma fram hvaða fjármálagerning starfsmaður óskar eftir að eiga viðskipti með, nafnverðseiningar, markaðsverð og aðrar upplýsingar eftir atvikum. Regluverði er heimilt að kalla eftir frekari upplýsingum um fyrirhuguð viðskipti telji hann þörf á
- 7.3. Leyfi regluvarðar til viðskipta gildir út viðskiptadaginn. Regluverði er heimilt, í undantekningartilvikum, að heimila að viðskiptin fari fram næsta viðskiptadag á eftir, t.d. ef regluvörður hefur veitt heimild fyrir viðskiptum seint á þeim degi sem beiðni barst eða ef aðrar sambærilegar ástæður eiga við, s.s. um samþykki yfirtökutilboðs er að ræða, skráningu fyrir hlutafjárhækkun eða önnur sambærileg tilvik. Starfsmönnum er skylt að tilkynna regluverði um öll verðbréfaviðskipti um leið og þau hafa átt hafa sér stað.
- 7.4. Fari viðskipti ekki fram innan þess viðskiptadags þegar leyfi regluvarðar var gefið skal starfsmaður afla nýrrar skriflegrar heimildar.
- 7.5. Fjölskylda starfsmanns þarf ekki að fá heimild hjá regluverði fyrir kaupum á fjármálagerningum í því félagi sem fjölskyldumeðlimur starfar hjá ef fjármálagerningarnir eru keyptir á grundvelli kaupréttarfyrirkomulags fyrirtækisins eða í tengslum við atvinnurekstur maka. Hins vegar er skylt að tilkynna regluverði um þau viðskipti að þeim loknum, eins og um önnur viðskipti og hvaða fjármálafyrirtæki hafi framkvæmt viðskiptin. Framangreind undanþága á hvort tveggja við um skráða og óskráða fjármálagerninga.
- 7.6. Regluvörður skal leggja mat á viðskiptabeiðni starfsmanns, m.a. út frá sjónarmiðum um aðgerðir gegn hagsmunaárekstrum. Regluverði er einnig heimilt, telji hann þörf á, að bera mat á hagsmunaárekstrum vegna mögulegra viðskipta starfsmanns undir framkvæmdastjóra félagsins, nema hann sé vanhæfur
- 7.7. Synjun regluvarðar á heimild til viðskipta er endanleg. Regluvörður veitir enga frekari skýringu og starfsmaður skal ekki óska frekari skýringar. Synjun regluvarðar kann að vera veitt þar sem viðskipti með viðkomandi fjármálagerning hafa verið takmörkuð og ástæður þess eru trúnaðarupplýsingar.
- 7.8. Ef beiðni starfsmanns um viðskipti er skilyrt, s.s. „stop/loss“, þá skal skilyrðið koma skýrt fram í beiðninni.

8. Milliganga Kvikubanka hf.

- 8.1. Öll viðskipti starfsmanna GAMMA með fjármálagerninga skulu fara fram fyrir milligöngu Kvikubanka hf., og skulu starfsmenn hafa verðbréf sín vörsluð hjá Kvikubanka svo hægt sé að hafa skilvirkt eftirlit með verðbréfaviðskiptum. Nýjum starfsmönnum ber að flytja vörslu verðbréfa sinna til Kvikubanka þegar þeir hefja störf nema viðskipti með hlutabréf í Kvikubanka.
- 8.2. Starfsmönnum er óheimilt að afgreiða sjálfir viðskipti sín, maka sinna og annarra aðila sem eru þeim tengdir og reglur þessar ná til. Þetta á bæði við um afgreiðslu í kerfi bankans og um önnur

GAMMA

kerfi, s.s. kerfi OMX. Tilgreindir starfsmenn, útnefndir af framkvæmdastjóra, skulu afgreiða og skrá öll viðskipti þeirra einstaklinga sem reglur þessar ná yfir í kerfum félagsins, í kerfum skipulagðra verðbréfamarkaða, svo og í öðrum viðskiptakerfum.

- 8.3 Starfsmönnum er heimilt, þrátt fyrir ákvæði gr. 7.1., að eiga viðskipti án milligöngu bankans í eftirtöldum tilvikum:
- 8.3.1 Viðskipti með erlenda fjármálagerninga sem Kvika getur ekki haft milligöngu um án verulegs viðbótarkostnaðar, svo sem ef um er að ræða kaup, sölu og millifærslu fjármuna með rafrænum hætti á netinu.
- 8.3.2 Viðskipti með fjármálagerninga sem eingöngu er hægt að eiga hjá öðru fjármálafyrirtæki enda liggja fyrir heimild regluvarðar.
- 8.4 Regluverði skal tilkynnt um viðskipti sem eiga sér stað á grundvelli framangreindrar undanþágu auk þess sem önnur ákvæði reglna þessara gilda um slík viðskipti.
- 8.5 Starfsmönnum er heimilt að vera með vörslu hjá öðru fjármálafyrirtæki í eftirtöldum tilvikum:
- 8.5.1 Þegar um er að ræða hlutdeildarskírteini í sjóðum sem eru í vörslu hjá öðru fjármálafyrirtæki og ekki er möguleiki að varsla hjá bankanum.
- 8.5.2 Þegar um er að ræða sumarstarfsmenn. Fáir starfsmaður hins vegar áframahaldandi ráðningu í hlutastarfi ber honum að flytja vörslu þegar í stað til bankans.
- 8.5.3 Þegar starfsmaður hefur fengið fjármögnun til að nýta áskriftarréttindi að bréfum í Kviku hjá öðru fjármálafyrirtæki sem fer fram á vörslu bréfanna sem tryggingu fyrir endurgreiðslu slíkrar fjármögnunar.

9. Skráðir og óskráðir fjármálagerningar

- 9.1. Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti með aðra fjármálagerninga en þá sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, markaðstorgi fjármálagerninga eða verðbréfamarkaði sem samþykktur hefur verið af þarlandum eftirlitsaðila og samþykktur af regluverði.
- 9.2. Þrátt fyrir gr. 9.1. er starfsmönnum heimilt að eiga viðskipti með eftirtalda óskráða fjármálagerninga:
- 9.2.1. Óskráð verðbréf sem seld eru í almennu útboði.
- 9.2.2. Óskráð verðbréf félaga sem engin virk viðskipti eru með og hafa fjárfestingar ekki að markmiði, s.s. félag um góðgerðarstarfsemi, félag um atvinnurekstur fjölskyldumeðlima eða önnur félög sem hafa ekki fjárfestingar að megintilgangi.
- 9.2.3. Óskráð eignarhaldsfélög sem eru í 100% eigu starfsmanns, enda fari þá með viðskipti eignarhaldsfélagsins með sama hætti og um viðskipti starfsmanns.
- 9.2.4. Óskráða fjármálagerninga í félögum þar sem stjórn GAMMA hefur samþykkt að starfsmenn, allir eða tilteknir, megi eiga eignarhlut enda fari starfsmenn ekki með atkvæðisrétt hlutarins.
- 9.2.5. Óskráð verðbréf GAMMA, þ.m.t. hlutabréf í GAMMA, móðurfélags og/eða vörslufyrirtækis GAMMA.
- 9.2.6. Óskráð hlutbréf ef um er að ræða aukningu hlutafjár og áskrift í réttu hlutfalli við

GAMMA

hlutfjáreign sem starfsmaður átti þegar hann hóf störf hjá GAMMA.

- 9.2.7. Óskráða afleiðusamninga þar sem undirliggjandi verðbréf eru skráð.
- 9.2.8. Óskráð hlutdeildarskírteini sjóða er starfa samkvæmt lögum um verðbréfasjóði nr. 128/2011 og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020
- 9.4. Regluvörður getur veitt skriflega undanþágu frá banni með viðskipti með óskráða fjármálagerninga við sérstakar aðstæður enda hafi starfsmaður óskað skriflega eftir því með rökstuddum hætti. Aðstæður sem hér um ræðir eru vegna óvæntra breytinga á aðstæðum starfsmanns, s.s. veikindi, slys eða andlát í fjölskyldu hans eða hjónaskilnaðar hans, hann er að nýta forkaupsrétt sinn vegna eldri verðbréfaeignar eða hann hefur eignast þau með öðrum hætti en kaupum, s.s. við arf eða gjöf eða fengið sem greiðslu við sölu fastafjármuna.
- 9.5. Stjórn er heimilt að veita frekari undanþágur frá framangreindri meginreglu að viðskipti með óskráð verðbréf séu óheimil.

10. Viðskipti með verðbréf móðurfélags og/eða vörslufyrirtækis

- 10.1. Starfsmönnum er heimilt að eiga viðskipti með verðbréf móðurfélags og/eða vörslufyrirtækis GAMMA og fjármálagerninga þar sem slík verðbréf eru undirliggjandi.
- 10.2. Regluverði er heimilt að fara fram á allar upplýsingar sem varða slík kaup, fjármögnun þeirra, aðdraganda og áhrif sem þau kunna að hafa á fjárhagsstöðu viðkomandi starfsmanns GAMMA.
- 10.3. Starfsmaður GAMMA sem óskar heimildar til að eiga viðskipti með verðbréf móðurfélags og/eða vörslufyrirtækis GAMMA eða fjármálagerninga þar sem slík verðbréf eru undirliggjandi eign skal senda beiðni til regluvarðar fimm dögum áður en slík viðskipti eru áætluð. Ákvæði þetta nær þó ekki til þess þegar starfsmenn, eða aðrir sem reglur þessar taka til, tilkynna stjórn móðurfélags og/eða vörslufyrirtækis um nýtingu áskriftarréttinda. Í slíkum tilvikum skal viðkomandi aðili óska heimildar frá regluverðir samdægurs.
- 10.4. Stjórn GAMMA skal a.m.k. tvisvar á ári fjalla um verðbréfaeign starfsmanna GAMMA samkvæmt þessum kafla.

11. Lágmarkseignarhaldstími

- 11.1. Starfsmenn GAMMA skulu eiga fjármálagerninga sem þeir kaupa í tíu daga frá kaupdegi¹ að lágmarki.
- 11.2. Starfsmönnum er þó heimilt að selja fjármálagerninga áður en lágmarkseignarhaldstími er liðinn í eftirtöldum tilvikum:
 - 11.2.1. Ef markaðsverð keyþra fjármálagerninga fer niður fyrir upphaflegt kaupverð og viðskiptakostnað starfsmanns.
 - 11.2.2. Ef um er að ræða fjármálagerninga sem starfsmaður hefur eignast í frumútboði við skráningu félags á skipulegan verðbréfamarkað.
 - 11.2.3. Ef um er að ræða fjármálagerninga sem skráðir eru á erlendum skipulegum verðbréfamarkaði og hafa mikla veltu á mælikvarða þess markaðar að mati regluvarðar. Til dæmis fjármálagerninga sem mynda helstu vísitölur þess markaðar þar sem

¹ Í almennum útboðum skal kaupdagur vera sá dagur sem fjármálagerningur er tekin til viðskipta í kauphöll.

GAMMA

fjármálagerningarnir hafa verið teknir til viðskipta, svo sem S&P500 eða FTSE100.

- 11.2.4. Ef um er að ræða viðskipti starfsmanna með hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eða fjárfestingarsjóðum eða skuldabréf sem starfsmenn fá sem greiðslu við sölu fjármuna sinna.
 - 11.2.5. Ef um er að ræða fjármálagerninga sem starfsmenn hafa eignast áður en þeir hófu störf hjá GAMMA.
 - 11.2.6. Ef starfsmenn selja hlutabréf í móðurfélagi sem þeir hafa eignast við nýtingu kaupréttar eða áskriftarréttinda samkvæmt samningi, þar sem að lágmarki verða að líða tólf mánuðir frá gerð samningsins þar til hann er nýttur.
- 11.3. Regluverði er heimilt að veita undanþágu frá lágmarkseignarhaldstíma vegna sérstakra aðstæðna, en með sérstökum aðstæðum er átt við óvæntar breytingar á aðstæðum starfsmanns eftir að fjármálagerningarnir voru keyptir, s.s. veikindi, slys eða andlát í fjölskyldu hans eða hjónaskilnað hans, eða hann hefur eignast þau óvænt með öðrum hætti en kaupum, s.s. við arf eða gjöf.

12. Skráning viðskipta

- 12.1. Regluvörður skal halda skrá yfir öll verðbréfi viðskipti starfsmanna skv. reglum þessum og lögum. Regluvörður skal jafnframt halda skrá yfir þær beiðnir um viðskipti sem synjað er.
- 12.2. Starfsmenn skulu þó eiga afrit af upplýsingum um eigin viðskipti.

13. Innherjaupplýsingar og greiningar

- 13.1. Starfsmenn sem búa yfir innherjaupplýsingum um útgefanda fjármálagerninga skulu tryggja að þeir gæti í einu að öllu að ákvæðum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja samkvæmt lögum um verðbréfi viðskipti.
- 13.2. Starfsmönnum er óheimilt að nýta sér innri greiningu GAMMA til að hagnast persónulega í viðskiptum með fjármálagerninga ef niðurstöður greiningar eru ekki öðrum viðskiptavinum aðgengilegar.

14. Þátttaka í fjárfestingarfélögum eða - hópum

- 14.1. Starfsmönnum GAMMA er óheimilt að taka þátt í fjárfestingarfélögum (klúbbum) eða öðrum hliðstæðum félagsskap sem hefur þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að kaupum á fjármálagerningum.
- 14.2. Framangreint á þó ekki við um sjóði um sameiginlega fjárfestingu í fjármálagerningum þar sem skírteinishafar hafa engin áhrif á fjárfestingarnar, s.s. verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði eða fagfjárfestasjóði.

15. Viðurlög

- 15.1. Brot á reglum þessum geta varðað áminningu eða eftir atvikum brottrekstri.
- 15.2. Eftir atvikum getur regluvörður tilkynnt brot til stjórnar sem svo tilkynnir þau til Fjármálaeftirlitsins, telji hún ástæðu til. Minniháttar brot skal regluvörður tilkynna til næsta yfirmanns.

16. Eftirfylgni

GAMMA

16.1. Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt.

17. Breytingar

17.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn GAMMA hefur samþykkt þær.

Samþykkt af stjórn GAMMA Capital Management hf.

Reykjavík, 20. janúar 2021

GAMMA

VIÐAUKI 1

TIL: REGLUVARÐAR

EFNI: STAÐFESTING STARFSMANNNS OG MAKKA

Ég undirrituð/undirritaður starfsmaður GAMMA Management hf. hef kynnt mér efni reglna GAMMA Management hf. um eigin viðskipti starfsmanna auk laga um verðbréfavíðskipti. Jafnframt hef ég kynnt efni þeirra fyrir maka mínum.

Við skuldbindum okkur bæði til að starfa samkvæmt ofangreindum reglum og lögum, lúta efni þeirra og þeim viðurlögum sem þau mæla fyrir um.

Staður og dagsetning: _____

Undirritun starfsmanns

Undirritun maka